

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



5. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2017-2018 13. mars 2018 - kl. 11:30 – 12:30 í fundarherbergi Hafnarskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Anna Björg Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Fjóla Jóhannsdóttir, Árdís Erna Halldórsdóttir, Hildur Þórsdóttir.

Dagskrá

1. Skólaþing – Niðurstöður og áframhaldandi vinna.

Þórgunnur kynnti hvernig niðurstöður skólaþingsins voru flokkaðar. Hugmyndir voru dregnar saman í 16 flokka og allar hugmyndir eru inni nema ef eitthvað óviðunandi kom fram (dónalegt eða alls ekki við hæfi). Þessi vinna var umfangsmikil og tók langan tíma. Nú er komið að því að nemendur eigi að kjósa um það sem þeim finnst skipta mestu máli. Það er gert til að fá skýrari línur og forgangsröðun frá nemendum.

Þegar farið verður í það munu kennarar ræða við nemendur um atriði eins og hver ætti að gera hlutina, hvort þeir séu framkvæmanlegir og ýmislegt fleira. Stefnt er að því að nemendur verði búnir að velja fyrir páska. Þórgunnur sýndi fundarmönnum listann yfir það hvað nemendur telja að sé í góðum skóla.

Umræður um hvernig eigi að kynna þetta fyrir foreldrum og hvað mikið eigi að koma fram í þeim skjölum, heimasíðan, tölvupóstur, fréttabréf? Hugmynd um að senda ekki of mikið á foreldra þar sem þeir geti þá farið að hafa áhrif á val nemenda, frekar leyfa nemendum að eiga þetta val fyrir sig og kynna svo bara niðurstöður þess sem nemendur velja.

2. Skólapúlsinn, niðurstöður úr foreldrakönnun.

Farið var lauslega yfir niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins en þær eru nýkomnar. Niðurstöður munu einnig koma í næsta fréttabréfi. Farið yfir hvað er marktækur munur. Sumstaðar er prósentutala há en ekki marktækur munur þar sem breiddin á svörum er mikil. Mest óánægja er með lítinn hraða í vinnslu á eineltismálum og ljóst að þrátt fyrir að mikil áhersla sé á vinnu varðandi samskipti í skólanum þá er enn mikið verk óunnið. Sem dæmi má nefna að einungis þrjú eineltismál hafa verið tilkynnt í vetur en svo virðist sem mun fleiri foreldrar telji að barnið þeirra sé lagt í einelti.

Skólaþing líka í sumum tilfellum hvaða spurningar mynda matsþætti svo hægt sé að gera sér grein fyrir hvað búi á bak við svörin. Í opnu svörum eru agamál nokkuð oft nefnd í sambandi við það sem þarf að bæta í skóla, maturinn og ýmis önnur mál.

3. Kl. 12:00 hófst umræða um matarmál – hvernig væri hægt að auka fjölbreytni á matseðli t.d. með grænmeti, salatbar eða öðru? Stephen Johnson og Ragnhildur Jónsdóttir mættu á fundinn undir þessum lið og m.a. var farið verður í matsalinn til að skoða aðstæður. Kristján Guðnason var einnig boðaður en komst ekki.

Ljóst er að viðhorf til þess hvernig mat er æskilegt að bjóða börnum er að breytast í samfélaginu og mikilvægt að hlusta á raddir fólks og leita lausna svo sem flestir séu sáttir. Fundargestum boðið að ræða það sem þeir vildu í þessum málum. Stephen kom með lista með ávaxtabitanum og sýndi hvað er í boði í skólanum.

Rætt um nemendur sem hafa sleppt því að vera í mat finni fyrir pressu frá öðrum nemendum af því að koma með nesti. Hvað er hægt að gera til að sporna gegn því að nemendur upplifi sig sem öðruvísi fyrir að vera ekki í mat? Er hægt að hafa meiri fjölbreytni í skólanum til að þetta verði ekki eins áberandi fyrir þá sem eru ekki í mat eða eru með aðrar matarvenjur.

Rætt um meðlæti og hliðarrétti og hvor það sé möguleiki að taka slíkt upp. Rætt um að salat sé ekki nógu fjölbreytt en einnig að það verði að horfa í matarsóun og hvort hún verði meiri með meiri fjölbreytni. Hver verður kostnaðurinn með breytingum? Nú kostar máltíðin 315 krónur og ávaxtabitinn er frír. Bent var á að það er oft sykur í mat eins og t.d. grænu baununum. Það kemur allur matur tilbúinn í grunnskólann nema ávaxtabitinn, hann er skorinn niður í skólanum. Það myndast oft mórall með því að einhver tali um að maturinn sé vondur og það er keðjuverkandi. Umræður um óskamáltíðir að þær séu of óhollar, umbunum okkur með að borða óhollt og vera vond við okkur, samfélagslegt uppeldi. Tengjum markvisst sama umbun og óhollustu. Skoðum listann og sjáum að óskamáltíðirnar eru ekki einungis skyndibitafæði.

Aðstaða í matsal rædd, er pláss fyrir fleiri en einn rétt, og mestu áhyggjurnar sennilega að ef nemendur velja allir sama réttinn og hvort sé þá nóg af honum.

Plássleysi og þrengsli er svolítið að hrjá okkur í matsalnum og hvaða möguleikar eru í boði.

Ragnhildur fer yfir lista sem hún er með og þar fylgja leiðbeiningar frá landlækni um hvað sé æskilegt í skólamötuneytum. Þar er td nefnt að sé ekki unnin matvara oftast en einu sinni í viku og að sé fiskur tvisvar í viku.

Fram kom hugmynd um eitt stórt batterí þar sem eldað væri fyrir allar stofnanir staðarins. Hvar ætti að hýsa það og erum við komin í samkeppni við aðra með þessu. Er hægt að hugsa matarmálin „stærra“. Hugmynd sem hefur komið upp áður.

Það eru lausir samningar um matinn í vor og mikilvægt að koma nýjum hugmyndum áður en gengið verður til nýrra samninga.

Umræður um að það þurfi að breyta reikningum frá Sveitarfélaginu þannig að það heiti ekki allt saman „fæði“, hvort sem það er Kátakot eða eitthvað annað. Því hefur borið við að ekki sé hægt að skíra reikninga nema fæði en því þarf að breyta. Foreldrar verða að vita fyrir hvað er verið að greiða. Ákveðið var að skipa hóp til að vinna með matarmálin og hvernig eigi að vinna með þau. Hvaðan eigum við að fá aðila í þá nefnd og úr hvaða hópum.

- Guðrún Ásdís fyrir hönd foreldra gastu.com@gmail.com
- Kristján Guðna fyrir hönd eldhússins kristjang@hornafjordur.is
- Fjóla Jóhanns fyrir hönd starfsfólks grunnskólans, fjolaj@hornafjordur.is
- Fyrir hönd nemenda Sandra Rós Karlsdóttir sandraros2002@gmail.com
- Herdís Waage fyrir hönd fræðsluskrifstofunnar herdisw@hornafjordur.is

Þessi nefnd þarf að skila af sér fyrir næsta skólaráðsfund sem verður 10. apríl svo hægt verði að taka málið fyrir á skólanefndarfundi 18. apríl.

Fundi slitið 12:40

Anna Björg Kristjánsdóttir